

Skattastefna Festi hf.

1. Inngangur

Festi hf. er eitt af leiðandi fyrirtækjum landsins á sviði verslunar og þjónustu og rekur fjölbreytta starfsemi í gegnum dótturfélög sín, þar á meðal N1, Krónuna, ELKO og Lyfju. Festi leggur áherslu á að vera traustur og ábyrgur þátttakandi í íslensku atvinnulífi, eftirsóttur vinnuveitandi og góður samfélagsþegn. Greiðsla skatta með réttum hætti og á réttum tíma er einn af hornsteinum ábyrgs rekstrar og liður í framlagi Festi til samfélagsins og sjálfbærrar þróunar.

Tilgangur skattastefnu þessarar er að marka heildstæða stefnu um hvernig Festi og dótturfélög haga skattamálum samstæðunnar, stýra skattaáhættu, fylgja lögum og reglum og eiga í faglegum og gagnsæjum samskiptum við skattýfirvöld.

2. Gildissvið og umfang

Skattastefnan nær til Festi hf. sem móðurfélags og allra dótturfélaga samstæðunnar. Hún tekur til stjórnar, stjórnenda og alls starfsfólks samstæðunnar, sem og annarra sem starfa í þágu hennar, og er þeim skylt að haga störfum sínum í samræmi við hana.

Stefnan á við um alla skatta og opinber gjöld sem leggjast á samstæðuna, hvort sem um er að ræða beina eða óbeina skatta sem félagið ber sjálft eða skatta og gjöld sem félagið innheimtir og stendur skil á fyrir hönd hins opinbera. Meðal þeirra eru:

- tekjuskattur og fjármagnstekjuskattur,
- staðgreiðsla opinberra gjalda og tryggingagjald,
- virðisaukaskattur,
- vörugjöld og umhverfistengd gjöld, þar á meðal olíugjald, kolefnisgjald, úrvinnslugjald og skilagjald,
- aðrir skattar og opinber gjöld sem starfsemi samstæðunnar kann að varða.

3. Meginreglur

3.1 Reglufylgni og heiðarleiki

Festi skuldbindur sig til að fara að öllum lögum og reglum um skatta, telja rétt fram og greiða rétta skatta á réttum tíma. Festi tekur ekki þátt í starfsemi eða ráðstöfunum þar sem grundvallarviðmið um sanngjarna og réttláta skattlagningu eru ekki virt og stundar ekki skattasniðgöngu. Skattastefnan er höfð að leiðarljósi við samninga við viðskiptavini, birgja og verktaka.

3.2 Stýring skattaáhættu

Festi lítur á skattaáhættu sem hvers kyns óvissu sem stafar af túlkun eða framkvæmd skattalaga og getur haft neikvæð áhrif á samstæðuna fjárhagslega eða orðsporslega. Markmiðið er að lágmarka slíka áhættu með traustu innra eftirliti, faglegri þekkingu starfsfólks og aðgengi að utanaðkomandi ráðgjöfum þegar álitamál koma upp. Skattaáhætta getur m.a. aukist vegna breytinga á skattalöggjöf, breytinga á starfsemi samstæðunnar eða ófullnægjandi reglufylgni.

3.3 Skattaívilnanir

Þegar til greina kemur að nýta skattaívilnanir eða -hvata er það gert að því marki sem starfsemin er viðskiptalega drifin en ekki rekin af skattalegum sjónarmiðum. Ívilnanir eru aðeins nýttar í samræmi við tilgang og anda viðkomandi laga.

3.4 Milliverðlagning og viðskipti tengdra aðila

Öll viðskipti milli félaga innan samstæðu Festi og við aðra tengda aðila fara fram á armslengdargrundvelli í samræmi við meginreglur OECD um milliverðlagningu, reglugerð nr. 1180/2014 um skjölun og milliverðlagningu í viðskiptum tengdra lögaðila og 57. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Skattar eru greiddir þar sem verðmætin verða til.

3.5 Samstarf við skattyfirvöld

Festi leggur metnað í faglegt, heiðarlegt og gagnsætt samstarf við skattyfirvöld. Félagið bregst tímanlega við beiðnum, veitir nauðsynlegar upplýsingar og leitast við að leysa álitamál með uppbyggilegum hætti. Komi upp villur eru þær leiðréttar og upplýstar eins fljótt og auðið er.

3.6 Gagnsæi og skattspor

Festi leggur áherslu á gagnsæi í skattamálum gagnvart haghöfum. Í ársreikningi og ársskýrslu samstæðunnar er gerð grein fyrir skattastefnu félagsins, tekjuskattsskuldbindingu og greiddum sköttum. Festi stefnir að því að greina frá skattspori sínu og þannig framlagi samstæðunnar til samfélagsins í formi skattgreiðslna til ríkis og sveitarfélaga.

4. Framkvæmd, ábyrgð og eftirfylgni

Stjórn Festi ber ábyrgð á skattastefnu félagsins. Forstjóri ber ábyrgð á að stefnunni sé hrint í framkvæmd, hún kynnt stjórnendum og starfsfólki og gerð aðgengileg. Fjármálasvið samstæðunnar annast daglega framkvæmd skattamála, fylgist með skattaáhættu og þróun regluverks og kallar til utanaðkomandi sérfræðinga þegar þörf krefur. Reglulega er upplýst um stöðu skattamála og fylgni við stefnuna til stjórnar og endurskoðunarnefndar.

5. Gildistaka, endurskoðun og samþykkt

Skattastefna þessi er birt á heimasíðu Festi og gildir áfram þar til henni er breytt eða hún felld úr gildi. Stefnan verður tekin til endurskoðunar ef breytingar verða á lögum, reglum, starfsemi samstæðunnar eða öðrum forsendum sem stjórn telur að gefi tilefni til breytinga á henni.